



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfraði

4. árg. 11. – 12. tölublað. Nóvember – desember 2010.

EFNI:

Skortur á heimilislæknum.	bls. 1
Upplýsingaveitan Skafli.is, nýting og þróun	bls. 2

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.
Anna Björg Aradóttir
Matthías Halldórsson
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ HEILBRIGÐISTÖLFRAÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

SKORTUR Á HEIMILISLÆKNUM

Upp á síðkastið hefur umræða um skort á heimilislæknum verið nokkuð fyrirferðarmikil, en stjórnendur heilsugæslustöðva hafa m.a. kvartað undan því að illa gangi að ráða í lausar stöður. Staðan víða úti á landi hefur verið erfið hvað þetta varðar um árabíl en betur hefur gengið að manna þær stöður sem losnað hafa á höfuðborgarsvæðinu. Nú virðist hins vegar sem breyting hafi orðið þar á því að enginn sótti um sjö stöður heilsugæslulækna á höfuðborgarsvæðinu sem auglýstar voru fyrir skömmu.


Stjórnendur hafa m.a. brugðist við þessum vanda með því að auglýsa lausar stöður sem námsstöður, en nokkuð víða um land eru stöður á heilsugæslustöðvum mannaðar læknum sem eru menntaðir á öðrum sviðum en heimilislækningum. Þá hefur í þessu samhengi ennfremur verið bent á að framundan sé mikill skortur á heimilislæknum enda munu tugir heimilislækna hætta störfum á næstu tíu árum fyrir aldurs sakir. Um þetta fjallaði m.a. nefnd heilbrigðisráðherra um eflingu heilsugæslunnar. Nefndin skilaði nýlega af sér tillögum þar sem m.a. er lagt til að námsstöðum í heimilislækningum verði fjölgað.

Ef litið er til aldursskiptingar lækna með heimilislækningar sem meginsérgræin á árunum 2000 til 2009 sést að meðalaldur þessarar stéttar hefur farið hækkandi undanfarinn áratug. Þannig var meðalaldur heimilislækna hér á landi við aldamót ríflega 46 ár en í lok árs 2009 var hann kominn upp í 52 ár. Þá vekur það ennfremur athygli að árið 2000 var 29,8% allra heimilislækna á aldrinum 51 til 70 ára en árið 2009 var hlutfall þessa sama aldurshóps komið upp í 54%. Þær fullyrðingar sem fallið hafa um að stétt heimilislækna sé að eldast virðast því ekki úr lausu lofti gripnar.

Aðferðir við að meta fjölda starfandi lækna á Íslandi

Ljóst er að starfandi læknum hefur fækkað merkjanlega hér á landi í kjölfar efnahagshrunsins, m.a. vegna brottflutnings til útlanda og vegna þess að ungir sérfræðingar skila sér ekki aftur til landsins að loknu sérnámi.

Opinberar tölur Landlæknisembættisins um fjölda starfandi lækna eru reiknaðar út frá fjölda lækna með starfsleyfi á Ísland skv. Læknaskrá embættisins, hafa búsetu hér á



Heimild: Læknaskrá Landlæknisembættisins 2010

(Framhald bls. 2)

Um 20 lækna hafa hætt störfum og flutt til útlanda frá ársbyrjun 2009, samkvæmt nýlegri athugun embættisins hjá 18 stofnunum í heilbrigðisþjónustu.

landi skv. Þjóðskrá og eru sjötugir eða yngri. Þjóðskrá byggir á tilkynningum einstaklinga um breytingar á lögheimili og aðsetri og einhverjir virðast tilkynna slíkt seint eða ekki. Þá eru lækna mjög hreyfanlegt vinnu-afl og geta starfað samtímis í fleiru en einu landi og starfað í öðru landi en þeir hafa fasta búsetu. Lækna tilkynna hins vegar margir hverjir breytingar á högum sínum til Læknafélags Íslands (óformlega) og þess vegna hefur félagið upplýsingar sem ekki er að finna í opinberum skráum. Þetta er ein aðalástæða þess að tölur Læknafélagsins gefa til kynna heldur meiri fækkun starfandi lækna á Íslandi heldur en tölur Landlæknisembættisins sýna.

Tölur um fjölda starfandi lækna samkvæmt Læknaskrá segja ekki alla söguna. Til þess að kanna mönnun lækna og hugsanlegar breytingar á stofnunum frá ársbyrjun 2009 aflaði Landlæknisembættið nýlega upplýsinga hjá framkvæmdastjórum lækninga á sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum og heilsugæslustöðvum. Átján stofnanir af nítján svöruðu þessu bréfi embættisins en niðurstöður þessarar athugunar sýna að um 20 lækna hafa hætt störfum og flutt til útlanda frá ársbyrjun 2009. Stofnunum hefur

gengið misjafnlega að ráða í þær stöður sem hafa losnað. Um helmingi þeirra hefur tekist að ráða í lausar stöður en aðrar hafa leyst vandann með ýmsum öðrum hætti en föstum ráðningum.

Samkvæmt upplýsingum frá stofnunum virðist sérstaklega þurfa að huga að heimilislæknum, en flestir hafa flutt úr þeirra hópi auk þess sem skortur á heimilislæknum hefur verið viðvarandi um árabíl. Einnig þarf að huga að brottflutningi sérfræðinga í fámennum sérgreinum, t.d. í gigtarlækningum, æðaskurðlækningum og krabba-meinslækningum. Í svörum stofnananna kemur fram að þær leysa gjarnan skort á læknum í tilteknum sérgreinum með samningum við Landspítala. Í ljósi þess er nauðsynlegt að tiltekinni sérþekkingu sé ávallt viðhaldið á Landspítala. Einnig þarf að standa vörð um góð starfsskilyrði lækna þannig að ungir lækna finni hvöt hjá sér til að snúa heim til starfa að loknu sérnámi erlendis.

*Hildur Björk Sigbjörnsdóttir
Sigríður Haraldsdóttir*

UPPLÝSINGAVEITAN SKAFL.IS, NÝTING OG ÞRÓUN

Standa þarf vörð um góð starfsskilyrði lækna þannig að ungir lækna finni hvöt hjá sér til að snúa heim til starfa að loknu sérnámi erlendis.

Landlæknisembættið gefur út flokkunarkerfi á rafrænu formi fyrir heilbrigðisþjónustuna til birtingar í rafrænum sjúkraskrárkerfum. Frá nóvember 2008 hefur vefurinn www.skafli.is einnig birt flokkunarkerfin fyrir heilbrigðisþjónustuna þannig að unnt er að leita og fletta í þeim, óháð rafrænum sjúkraskrárkerfum. Vefurinn hefur að geyma flest þau flokkunarkerfi sem notuð eru hér á landi, til dæmis fyrir sjúkdómsgreiningar, skurðaðgerðir og hjúkrunarskráningu. Auk þess hafa þar verið birt drög að þýðingu á flokkunarkerfinu ICF, *Alþjóðlega flokkunarkerfinu um færni, fötlun og heilsu*, á samráðstíma vegna þýðingarvinnunnar.

SKAFL.is (Stöðluð kóðun í alþjóðlegum flokkunarkerfum Landlæknisembættisins) hefur nú verið opinn í 2 ár og var heildarfjöldi gesta á vefnum á síðasta ári um 8,400. Nálægt 500 manns fletta á vefnum daglega og tæplega 1,700 nota vefinn vikulega eða oftar.

Flestir notendur, eða um 39%, starfa á Landspítala og Sjúkrahúsi Akureyrar. Algengast er að gestir nýti vafrana Internet Explorer og Mozilla Firefox en fimm aðrir vafrar eru einnig notaðir til að opna vefinn, bæði úr Machintosh- og Windows-umhverfi.

Upplýsingaveita í þróun

Verið er að þróa samhæfingu við annan hugbúnað og er nú þegar unnt að senda leitarstreng sem opnar vefinn beint á tiltekinni leitarniðurstöðu. Viðmót fyrir ítarleit á vefnum er einnig í þróun.

Á vefsíðunni [Rafraen sjúkraskrárkerfi](http://www.skafli.is) á vef Landlæknisembættisins er að finna lýsingu á áætlaðri þróun vefbirtingar flokkunarkerfa á www.skafli.is. Tæknilegar útfærslur gera þjónustuaðilum sjúkraskrárhugbúnaðar kleift að útfæra sjálfvirkar tengingar við vefinn og losna þannig við umsýslu með kóðaskrár í eigin hugbúnaði.

*Allir notendur
vefsins www.skafl.is
eru hvattir
til að koma á
framfæri
hugmyndum sínum
um betri vef.*



Skráning heilbrigðisupplýsinga fer fram á öllum stigum heilbrigðisþjónustunnar. Flokkunarkerfi eru nauðsynleg tól til þess að unnt sé að samræma skráninguna, en slíkt eflir bæði gæði skráningar og skilar áreiðanlegri og samanburðarhæfari gögnum.

Ljósmynd birt með leyfi LSH.

Sjálfvirkar tengingar við sjúkraskrárhugbúnað

Til þess að unnt verði að þróa og prófa tengingar milli vefsins og sjúkraskrárhugbúnaðar þarf að efna til samstarfs við hugbúnaðarhúsin sem framleiða sjúkraskrárhugbúnað. Þróun á vefumhverfinu verður hins vegar því betri sem fleiri notendur taka þátt í henni og eru almennir notendur lykilpersónur í því efni. Því eru allir notendur hvattir til að nota hnappinn „Senda villutilkynningu“, m.a. til að koma á framfæri hugmyndum.

Vefurinn SKAFL hefur reynt hagkvæm leið til að uppfylla skyldur Landlæknisembættisins um útgáfu flokkunarkerfa. Hann er aðgengilegur öllum á opnum vef innanlands og auðveldar aðgengi að réttum útgáfum flokkunarkerfa og rétta skráningu í heilbrigðisþjónustunni.

Lilja Sigrún Jónsdóttir